



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1614
komudagur 15.2.2013

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (stefnandi faðernismáls). 141. löggjafarþing 2012 -2013. Þingskjal nr. 370 – 323. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er að fella niður þá takmörkun sem nú er að finna í 1. mgr. 10. gr. barnalaga um að faðir geti ekki verið stefnandi í faðernismáli nema barn sé ófeðrað.

MRSÍ fagnar tillögunni og telur hana í fullu samræmi við það markmið að barn fái að þekkja báða foreldra sína. Ákvæði um slíkt er að finna í 7. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem segir m.a. að aðildarríkin eigi að tryggja eftir því sem unnt er rétt barns til að þekkja báða foreldra sína. Í 8.gr. segir enn fremur að aðildarríki skuldbinda sig til að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, þar með talið ríkisfangi sínu, nafni og fjölskyldutengslum. Má í raun segja að barn sem ekki þekkir raunverulega foreldra sína tapi að einhverju leyti þeim rétti sem aðildarríkjum ber að tryggja skv. 8. gr. samningsins. Því styður MRSÍ þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpi þessu.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur